

Textílmennt 3. bekkur 2021-2022

Kynning á námsgreininni og kennsluaðferðir

Textílmennt á sér djúpar rætur í menningu þjóðarinnar og byggir námsgreinin á rótgróinni handverkshefð, sem hefur þróast og tekið inn nýjar áherslur í takt við breytta tíma. Textílnám byggist meðal annars á þekkingaröflun, hugmyndavinnu og sköpun, beita fjölbreyttum aðferðum og gefa nemendum tækifæri til að þroska samhæfingu hugar og handa. Lögð er áhersla á að kynna ólík efni, náttúruleg efni þau sem koma frá dýra og plönturíkinu auk gerviefna er framleidd eru í verksmiðjum. Rík áhersla er lögð á sjálfbærni og endurnýtingu.

Nám og viðfangsefni í textílmennt er í grunninn einstaklingsmiðað og byggist fyrst og fremst á virkni í tímum. Lögð áhersla á eigin sköpun og persónulegt handbragð, sjálfbærni og endurnýtingu.

Námsáætlun

Kennt er í lotum 2svar í viku, í u.þ.b. 8 vikur í senn.	Viðfangsefni	Hæfniviðmið
	<i>Poki / handavinnupoki.</i>	
	Nemendur leggja snið á efni og sníða poka. Teikna mynd sem þau draga upp á efnið og sauma með einföldum útsaumsspörum. Læra grunnatriðið til að sauma á saumavél, beinn saumur / síksak saumur. Sauma pokann saman í saumavél, gera snúru og draga í gegn.	- Notað einfaldar aðferðir og greinarinnar og beitt viðeigandi áhöldum. - Tjáð hugmyndir sínar með einfaldri skissu. - Skreytt textílvinnu á einfaldan hátt.
	<i>Verkefni við hæfi og áhuga hvers og eins.</i>	
	Krossaumur, vinaband, sokkabréður, dúskur og fleira.	Unnið eftir einföldum leiðbeiningum.

Grunnþættir menntunar

Í textílmennt er tekið mið af öllum sex grunnþáttum í aðalnámskrá grunnskóla.

Heilbrigði og velferð: Reynt að hafa ró og jákvæðni í tímum, lögð áhersla á að unnið sé út frá styrkleika hvers og eins.

Læsi: Nemendur læra ný hugtök er tengjast greininni, þjálfast í að lesa einfaldar leiðbeiningar.

Jafnrétti: Nemendur hvattir til að sýna tillitsemi, hlusta á hvort annað og um leið sýna jákvæða hvatningu.

Lýðræði og mannréttindi: Nemendur hafa val um útfærslu á sínum verkefnum sem getur farið eftir áhugasviði hvers og eins. Fjallað um aðbúnað þeirra sem vinna við textílframleiðslu/iðnað, aðbúnað þeirra og mannréttindi. Rætt er um þessi mál í samræmi við aldur og þroska hvers nemendahóps.

Sjálfbærni: Lögð er áhersla á nýtni í hvívetna í allri vinnu við textíl sem og sjálfbærni á ábyrgan hátt.

Sköpun: Nemendur skapa og útfæra sín verkefni í teikningu og vinnu.

Námsmat

Alla lotuna er símat - í lok lotu eru nemendur metnir samkvæmt hæfniviðmiðum námskrár og fá lokamat í hæfnitáknum. Námsmat birtist í Mentor.

Hlutverk og vinnulag nemandans

Samskipti	Samskipti nemenda og kennara eiga að einkennast af virðingu og tillitssemi. Nemendur bera ábyrgð á framkomu sinni og hegðun í skólanum.
Mæting	Kennari og nemendur mæta stundvíslega í tíma og eyða ekki of löngum tíma í að skapa þá ró sem er forsenda skemmtilegrar vinnu. Kennari og nemendur virða þannig tíma hvers annars.
Virkni í tímum	Ætlast er til að nemendur nýti tímann eins og best er á kosið, reyni að leysa verkefnin sjálfir og hjálpast að.
Heimavinna	Ekki er gert ráð fyrir heimavinnu en nemendur hvattir til textílvinnu heima fyrir.
Ábending um hjálpargögn fyrir nemendur	
Stoðþjónust a nemenda	
Skyldur nemenda	Nauðsynlegt er að nemendur fylgist vel með innlögn og sýnikennslu. Eftir það reyna þeir að vinna sjálfstætt, hjálpast að eða bíða þolinmóðir eftir aðstoð kennara. Nemendur læra líka af því að leiðbeina og hjálpa hvort öðru. Nemendur bera ábyrgð á eigin verkefnum og vinnubrögðum. Nemendur vinna einstaklingsbundið og skila verkefnum þegar þeim er lokið.
Skyldur kennara	Kennarinn leggur inn verkefni, sýnir aðferðir og vinnubrögð. Hann aðstoðar nemendur þegar þess er þörf. Kennari skal vera vel undirbúnn og reyna að miðla þekkingu og kunnáttu til nemenda eftir bestu getu, leita nýrra leiða og hvetja nemendur til sjálfstæðra vinnubragða og finna úrræði. Kennari skal leggja áherlsu á góð jákvæð samskipti, sáttfýsi, umburðarlyndi og kurteisi. Hann leiðbeinir um að nemendur sýni góða umgegni og gangi frá eftir vinnu sína.

VIÐMIÐ ÚR NÁMSKRÁ

Sel - Textílmennt 3. bekkur

- Hæfni á námssviði

Sel - Textílmennt 3. bekkur - Handverk, aðferðir og tækni

- Notað einfaldar aðferðir greinarinnar og beitt viðeigandi áhöldum.

Sel - Textílmennt 3. bekkur - Sköpun, hönnun og útfærsla

- Tjáð hugmyndir sínar með einfaldri skissu.

Sel - Textílmennt 3. bekkur - Menningarläsi

- Tjáð sig á einfaldan hátt um viðfangsefni sitt
- Gengið frá eftir vinnu sína.

Sel - Textílmennt 3. bekkur - Sjálfstæði og

samvinna

- Unnið eftir fyrirmælum og borið ábyrgð á eigin verkefnum og vinnubrögðum þegar við á.
- Tekið leiðsögn á jákvæðan hátt.